

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Minni-Borg, L168263, spennistöð.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til athafnasvæðis við Sólheimaveg. Í breytingunni felst að ný lóð umhverfis spennistöð er afmörkuð og fær heitið Borgargil Spennistöð. Lóðin er 50 m² og innan lóðarinnar er heimilt að byggja allt að 10 m² hús með mænishæð allt að 2,5 m.

Samþykkt í sveitarstjórn 17. september 2025.

Deiliskipulagsbreyting, Stóra-Borg, lóð 14, L218058, Hlauphólar, frístundabyggð.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Stóru-Borgar, lóð 14, L218058, málið var áður tekið fyrir á 593. fundi sveitarstjórnar. Í breytingunni felst að allt land upprunalsins verði innan deiliskipulagsmarka. Við það fjölga lóðum innan skipulagssvæðisins úr 38 í 40. Að öðru leyti gilda deiliskipulagsskilmálar í samþykktu deiliskipulagi.

Samþykkt í sveitarstjórn 17. september 2025.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 2. október 2025.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,
Sigríður Kristjánsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 16. október 2025